

**112. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
6. maí 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1704039 - Úthlutun lóða**

Farið yfir stöðu úthlutaðra lóða.

*Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi fór yfir stöðu á lóðarúthlutunum.*

**2. 1811010 - Deiliskipulag Akratorgsreits - Sunnubraut 17**

Umsókn um viðbyggingu sem felst í að byggja eina hæð ofan á bílskúr sem byggður var 2004. Samþykki meðeigandi fylgir með. Nýtingarhlutfall lóðarinna er 0,43 eftir breytingu væri nh. 0,47. Heimilt nýtingarhlutfall skv. greinargerð deiliskipulags Arnardalsreits er 0,55.

Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Sunnubraut 14, 15, 16, 18, 19, 20, 21, 22 og 24, Skagabraut 2, 4, 6 og 8, Kirkjubraut 32 og Merkigerði 21.

Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**3. 1905069 - Keilufélag Akraness - fyrirspurn um framkvæmdir**

Gerður J. Jóhannsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

*Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri fór yfir kostnaðaráætlun vegna hugsanlegra framkvæmda í íþróttihúsini á Vesturgötu varðandi bætta aðstöðu fyrir keilufélagið. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að keilubrautir verði endurnýjaðar. Áætlaður kostnaður er kr. 25. milljónir.*

**4. 1905072 - Umferðaröryggisáætlun**

Farið yfir stöðu umferðaröryggisáætlunar frá 2017. Hvað hefur áunnist?

*Jón Ólafsson verkefnastjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss, fóru yfir stöðu umferðaröryggismála sbr. aðgerðaráætlun í umferðaröryggisskýrslu sem unnin var 2017.*

**5. 1905073 - Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar - umsögn**

Beiðni um umsögn um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að ekki verði gerð athugasemd við breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Breytingin felst í því að Vatnshamralína 2 er færð úr loftlinu í jarðstreng sbr. uppdrætti Landlína dagsettum 1.3.2019.*

QS

**1902159 - Skipulagsmál - ferill og staða**

Staða skipulagsmála

*Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi fóru yfir stöðu skipulagsmála.*

**7. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022**

Farið yfir framkvæmdir.

*Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri fór yfir stöðu framkvæmda á árinu 2019.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:20.

Ragnar Þorvaldsson  
Guðrún Þóra Jóhannsdóttir  
Ólafur Ólafsson  
Steinar Þórður  
Sofia.

Hafdís Sigurbórsdóttir.